

Komið þið sæl, kæru vinir, og velkomin á skólasetningu Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Við setjum Tónlistarskólann að þessu sinni í skugga fráfalls Sigríðar Ragnarsdóttur, skólastjóra, en hún lést í gærmorgun, eins og kunnugt er. Hugur okkar er hjá Jónasi og fjölskyldunni, því að missir þeirra er mikill.

Lát hennar snertir okkur öll djúpt, en jafnframt erum við full þakklætis fyrir óbilandi árvekni hennar, frumkvæði og þrautseigju í starfinu hér, en ekki síður vináttuna sem hún sýndi starfsfólki og nemendum skólans alla tíð. Í störfum sínum hér hafði hún að leiðarljósi að tónlistarkennsla er mannrækt og að öflug menning er forsenda byggðar á Vestfjörðum. Þessari sýn helgaði hún starfskrafta sína af heilindum,

Sigríður bar einstaklega kraftmikla og hlýja persónu. Eftir að ég tók við starfi hér, varð mér ljóst að hugur hennar var sífellt hjá okkur, hún fylgdist af brennandi áhuga með starfinu og það var ómetanlegt að eignast vináttu hennar, ráðgjöf, hvatningu og hlýhug. Fyrir það verð ég ævinlega þakklátur og minnst þessa eldhuga af djúpri virðingu og ég veit að ég mæli þar fyrir munn okkar allra sem hana þekktu.

Við minnumst hennar með því að lúta höfði í þögn.

Aron Ottó Jóhannsson og móðir hans, Beata Joó, flytja nú Nótt eftir Árna Thorsteinson við ljóð Magnúsar Gíslasonar, í minningu Sigríðar.

### TÓNLIST - NÓTT eftir Árna Thorsteinson

En við skulum fara að dæmi Sigríðar, sem leit ávallt fram á veginn.

Moldin logar af lífi. Loftið er fullt af söng, orti Davíð Stefánsson. Þessar ljóðlínur komu svo oft upp í huga mér í vor og í sumar. Fuglarnir léku listir sínar hvarvetna, fyrir utan gluggann minn, úti í móa og í fjörunni þegar ég fór í gönguferðir. Alls staðar hljómaði þessi yndislegi lífs-söngur.

Bráðum bregða farfuglarnir sér af bæ til hlýrri landa og koma svo aftur í vor. En á meðan lýkst upp annars konar söngur hér innandyra, tónlist af ýmsu tagi ómar daginn á enda.

Vinkona mín sem er píanó kennari sagði mér í vor, að þótt veturinn hefði stundum verið langur og erfiður eins og gengur á þessu landi, gerðu nemendur hennar bókstaflega allt betra með uppskerunni. Ég er henni hjartanlega sammála og þegar leið á sumarið var ég farinn að sakna svo mikið nemendanna og kennaranna í þessum skóla að mér fannst ég ekki geta beðið.

Og nú er þetta loksins að fara í gang. Því fylgir tilhlökkun, en jafnframt ábyrgð. Það er svo ótrúlega góð tilfinning að kennararnir í þessum skóla eru traustsins verðir, allir sem einn, og ábyrgðin er því í góðum höndum.

Við fögnum því einlæglega að Bea okkar Joó er komin til starfa aftur eftir ársleyfi. Hún hefur verið einn af máttarstólpum skólans í áratugi og sl. vetur söknuðum við mikið hómorsins og hlátranna hennar á kennarastofunni. Vertu innilega velkomin aftur, snillingur!

Þá kemur til starfa í vetur Mikolaj Ólafur Frach, sem er uppalinn hér í skólanum, sonur sómahjónanna Januszar og Iwonu. Mikolaj ber dásamlega persónu og er feiknalega flinkur píanóleikari, eins og kunnugt er. Við hlökkum til að vinna með honum. Hann flytur nú fyrir okkur Ballöðu nr. 1 í g-moll eftir Chopin, en Robert Schumann taldi að Chopin hefði þótt vænst um þetta verk sitt.

### TÓNLIST - Chopin ballaða í g moll - Mikolaj Frach

Við erum svo heppin að í ár er 75 ára afmæli þessarar merku stofnunar, og á afmælum gerum við okkur glaðan dag meira en venjulega. Við áætluðum að hafa Heimilistóna inni á heimilum. Þá verða reglulegir hádegistónleikar. Einnig verður opið hús í október með glæsilegum atriðum og í samstarfi við Litla leikkúbbinn verður Fiðlarinn á þakinu settur upp. Einnig má nefna að Skólakórinn fer á kóramót í Danmörku í vor, svo eitthvað sé nefnt. Allt verður þetta tilkynnt nánar þegar nær dregur. Það er því margt að hlakka til.

Að lokum langar mig að fara yfir nokkrar lífsreglur Charlie Chaplins, þess mikla leikarasénis.

Í fyrsta lagi er ekkert eilíft í þessari veröld, ekki einu sinni vandamálin okkar. Í öðru lagi þurfum við að hlæja á hverjum degi, annars er deginum alvarlega sóað.

Í þriðja lagi eru sex bestu læknarnir þessir: Sólskin, hvíld, hreyfing, hollt mataræði, sjálfstraust og vinátta.

Í fjórða lagi sérðu fegurð sköpunarinnar þegar þú sérð tunglið, kraft sköpunarinnar þegar þú sérð sólina og þegar þú lítur í spegil, sérðu besta sköpunarverkið. Og trúðu því.

Ég ætla ekki að þreyta ykkur með lengra máli, en býð ykkur enn og aftur hjartanlega velkomin á nýtt starfsár með nýjum ævintýrum, starfsgleði og góðum árangri.

Það er orðin hefð við skólasetningu hér að syngja saman í faðmi fjalla blárra eftir frumkvöðulinn sem gekkst fyrir stofnun skólans, Jónas Tómasson, við ljóð Guðmundar Guðmundssonar, skólaskálds.

Ég segi Tónlistarskóla Ísafjarðar settan starfsárið 2023-24.

TÓNLIST - Í FAÐMI FJALLA BLÁRRÁ